

Fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn á Garðarsbraut 5 á Húsavík 30. janúar 2017 kl. 13:00.

Fundinn sátu framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga HNP bs.; Dagbjört Jónsdóttir, Elías Pétursson ( í Skypesambandi), Kristján Þór Magnússon, Steinþór Heiðarsson og Þorsteinn Gunnarsson. Sigurður Þór Guðmundsson boðaði forföll. Einnig sat Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri HNP bs. fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna, þetta gerðist:

## 1. Samráð sveitarfélaga og sýslumannsembættisins

Á fundinn mætti Svavar Pálsson sýslumaður og gerði grein fyrir þróun mála frá því að embætti sýslumanna í landinu voru sameinuð og skilin frá lögreglu. Í máli hans kom fram að allt frá upphafi hafi hin nýju embætti verið vanfjármögnuð miðað við þau verkefni sem þau hafa með höndum. Er nú svo komið að vandséð er að þau geti veitt íbúum á starfssvæðum sínum þá þjónustu sem skilgreind er. Lagði hann fram árangurstjórnunarsamning embættisins við innanríkisráðuneytið og minnispunkta um embættið, samninginn, samráð við sveitarfélögin og þróun og framtíðarsýn.

Í umræðu kom fram að þjónusta embættanna og starfsemi sveitarfélaganna hefur ákveðna snertipunkta sem áhugavert gæti verið að skoða. Forsenda slíkrar skoðunar er þó að ríkisvaldið tryggji eðlilega fjármögnun þeirra starfsemi sem það ber ábyrgð á í héraði.

Fundarmenn sammála um mikilvægi þess að sveitarfélögin taki málið upp við þingmenn og fjárveitingavaldið enda um að ræða grunnþjónustu ríkisins við íbúa sveitarfélaganna heima í héraði.

Svavari þakkað fyrir greinargóðar upplýsingar og gagnlega umræðu um málið.

## 2. Erindisbréf barnaverndarnefndar

Á fundi fulltrúaráðs HNP bs. 18. nóv. sl. var framkvæmdastjórn falið að setja sameiginlegri barnaverndarnefnd aðildarsveitarfélaganna erindisbréf. Farið yfir drög að erindisbréfi sem unnið hefur verið í samráði við félagsmálastjóra Norðurþings og lögfræðing Samb. ísl. sveitarfélaga.

Eftir yfirferð og umræðu var erindisbréfið samþykkt eins og það liggur fyrir með fyrirvara um að ekki bærust efnislegar athugasemdir frá Barnaverndarstofu, sem beðin hefur verið um álit og orðalag á samráði sveitarfélaga um skipan nefndarinnar sem framkvæmdastjóra var falið að gera tillögu að og senda fundarmönnum.

Framkvæmdastjóra falið að gera drög að samræmdri bókun sveitarfélaganna vegna afgreiðslu málsins þar sem er að ræða nýtt verkefni á vegum HNP bs. og senda þeim til afgreiðslu. Jafnframt verði þeim sent erindisbréfið til kynningar.

### 3. Ráðgjafarsamningur um félags- og skólaþjónustu

Á vofundi fulltrúaráðs 2016 var framkvæmdastjórn falið að vinna tillögu að breytingum á því fyrirkomulagi sem verið hefur á þeirri þjónustu sem Norðurþing hefur veitt hinum sveitarfélögunum skv. þjónustusamningi frá 2011.

Kristján Þór gerði grein fyrir umræðum og vinnu sem þegar hefur farið fram um framtíðarfyrirkomulag þjónustunnar. Fram kom að æskilegt væri að sveitarfélögin tækju efnislega afstöðu til þeirra samningsdraga sem send hafa verið út og í framhaldinu yrði málið tekið fyrir hjá framkvæmdastjórninni.

### 4. Önnur mál

Framkvæmdastjóri vakti athygli á bókun fulltrúaráðs HNP bs. frá 18.11.2016 þar sem framkvæmdastjórn var falið að skoða kosti þess og galla, í samráði við stjórn AB, að fella starfsemi félagsins undir byggðasamlagið. Samþykkt að fela formanni og framkvæmdastjóra að leiða þá vinnu f.h. framkvæmdastjórnarinnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:10